



Fréttabréf forseta

Október 2015

Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Ég vil byrja á því að þakka ykkur kærlega fyrir samveruna á framkvæmdaráðsfundinum 12. september síðastliðinn. Það var gaman að hitta ykkur og ég hlakka til að vinna með ykkur í vetur. Nefndaskipan er komin á heimasíðuna og ég vil nota tækifærið og þakka þeim konum sem tekið hafa að sér nefndarstörf. Þeirra framlag er mikilsvert í að efla starf samtakanna. Reyndar er Samskipta- og útgáfunefnd ekki enn fullskipuð, en það er verið að vinna í málinu.

Vetrarstarfið er væntanlega hafið hjá flestum deildum og þær búnaðar að halda sinn fyrsta fund. Ég minni á mikilvægi þess að setja niður dagskrá og fundartíma vetrarins strax í byrjun. Það skapar festu í starfið og stuðlar að betri mætingu. Einnig minni ég ykkur á að senda mér eintak af vetrar-

áætluninni um leið og þið setjið hana á vefinn (hef fengið áætlun frá 3 deildum). Á framkvæmdaráðsfundinum var dagsetningin **30. apríl** valin fyrir **vorþingið** okkar.

Framkvæmdaáætlunin er komin á vefinn og einkunnarorð tímabilsins eru: **Verum virkar – styrkjum starfið.**

Ég sendi yfirlýsinguna vegna flóttafólksins sem við samþykktum á framkvæmdaráðsfundinum á alla prentmiðla og í tölvupósti á alla þingmennina okkar. Þingmennirnir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Ásmundur Friðriksson, Líneik Anna Sævarsdóttir og Katrín Jakobsdóttir þökkudu fyrir hvatninguna.

Handbók:

Ég minni á handbókina á slóðinni:

<http://dkg.muna.is/is/page/handbok>



Einnig vil ég minna á flokkinn: Starfsemi deilda á vefnum okkar (<http://dkg.muna.is/is/page/starfsemi>) en þar má finna ýmislegt gagnlegt fyrir deildirnar.

Félagatal:

Félagatalið er á vefnum á slóðinni:

http://dkg.muna.is/is/page/felagatal_3

Ég bið ykkur um að yfirfara félagatal ykkar deildar á næsta fundi og athuga hvort einhverjar breytingar hafa orðið á upplýsingum.

Upplýsingum um breytingar þarf að koma til **Sigríðar Guttormsdóttur**, formanns Féлага- og útbreiðslunefndar en hún hefur netfangið siggutto@gmail.com. Ef breytingar hafa orðið á heimilis- og netfangi þá þarf að senda póst um það á mem@dkg.org.

Afmæli:

Þann **7. nóvember** næstkomandi er ætlunin að halda upp á að 40

ár eru síðan DKG var stofnað á Íslandi (sjá frétt á heimasíðu) og eru formenn

beðnir að koma upplýsingum

um hugsanlega þátttöku sinna deilda sem fyrst til Sigrúnar Klöru (sigrunklarah@gmail.com). Verðið er 4900 krónur. Hægt er að greiða inn á reikning landsambandsins. Nánar um það síðar á heimasíðunni.

Mikilvægar dagsetningar:

15. október: Síðasti dagur til að senda inn tilnefningar til alþjóðasamtakanna í alþjóðlegar nefndir sem kosið er í næsta sumar.

31. október: Síðasti dagur til að greiða félagsgjöldin sem eru 10.000 krónur til gjaldkera deilda.

15. nóvember: Síðasti dagur fyrir gjaldkera deilda að senda félagsgjöldin til landsambands.

Bestu kveðjur!

Eygló, forseti DKG

